



Viðtakandi: Innkaupa- og framkvæmdaráð

Sendandi: Þjónustu- og nýsköpunarsvið Reykjavíkurborgar

Samkeppnisútbod nr. 15403 „Afritunarþjónusta fyrir Reykjavíkurborg“

Tilboð í ofangreindu EES útbod þjónustu- og nýsköpunarsviðs Reykjavíkurborgar (PON) voru opnuð á innkaupaskrifstofu Reykjavíkurborgar þann 31. október 2023. Verðtilboð voru opnuð þann 11. desember 2023.

Eftirfarandi aðilar skiluðu inn tilboði:

1. Opin kerfi hf.
2. Origo hf.

Alls voru þrjú viðaukar sendir út á tímabilinu 22. september til 23. október 2023. Viðauki 1 innihélt breytingar á tímafrestum útbodsins. Fyrirspurnarfresti bjóðanda var frestað frá 18. september til 17. október 2023, svarfresti kaupanda frestað frá 21. september til 24. október 2023 og opnun frestað frá 27. september til 31. október 2023. Viðauki 2 innihélt annars vegar lagfæringar og breytingar af hálfu kaupanda og hins vegar svör við fyrirspurnum. Viðauki 3 innihélt nánari útskýringar á svörum við tilteknum fyrirspurnum í viðauka 2.

Forsendur fyrir vali tilboðs voru eftirfarandi, sbr. kafli 0.8 í útbodslýsingu:

Forsendur fyrir vali kaupanda eru besta hlutfall milli verðs sem vegur 40% og gæða sem veiga 60%.

Stig fyrir gæði voru gefin fyrir lengd ljósleiðara frá Borgartúni 12-14 að aðalsal bjóðanda (10%) og fyrir innsendar greinargerðir um innleiðingu þjónustu, umbætur og samskipti (50%). Matsnefnd þriggja aðila á vegum kaupanda yfirfór innsendar greinargerðir bjóðanda og gaf þeim stig. Eftir yfirferð tilboða lá fyrir hvaða bjóðandi var með hagkvæmasta tilboð á grundvelli verðs og gæða, Origo hf. Tilboðsverðið var undir kostnaðaráætlun kaupanda.

Kaupandi ákvað að hefja ekki samningsviðræður og leggur til að samið verði við þann aðila sem á hagkvæmasta gilda tilboð án frekari samningsviðræðna, líkt og áskilnaður er gerður um í kafla 0.1.4 í útbodslýsingu.

Innkaupaskrifstofa hefur yfirfarið tilboð Origo hf. m.t.t. til krafna um fjárhagslegt hæfi og staðfest að Origo hf. uppfyllir þær kröfur. Þjónustu- og nýsköpunarsvið hefur yfirfarið tilboðið og staðfest að kröfur um tæknilega og faglega getu eru uppfylltar.

Þjónustu- og nýsköpunarsvið leggur til að gengið verði að tilboði Origo hf. að fjárhæð 371.534.212 kr. án vsk, enda uppfyllir það allar kröfur útbodsgagna og er hagkvæmasta tilboð á grundvelli besta hlutfalls milli verðs og gæða.



Reykjavíkurborg

Virðingarfyllst,
Loftur Steinar Loftsson
Deildarstjóri kerfisstjórnar og tæknireksturs

Hjálagt:

1. Opnunarfundargerð
2. Greinargerð um stigagjöf (**trúnaðarmál**)